



Eftirlitsskýrsla

Áburðareftirlit 2011

Desember 2011



EFNISYFIRLIT

I. Framkvæmd áburðareftirlits.....	3
1. Inngangur	3
2. Áburðareftirlit	3
3. Sýnataka	3
4. Leyfð vilmörk	3
II. Búvís ehf.....	4
1. Skráður áburður hjá Búvís ehf.	4
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	4
2.1. Kraftur 34	5
2.2. Kraftur EU+S.....	5
2.3. Völlur 26+S	5
2.4. Völlur 21+S	6
2.5. Völlur 20+S	6
2.6. Völlur 16+S	6
III. Fóðurblandan	7
1. Skráður áburður hjá Fóðurblandunni.	7
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	7
2.1. Magni 1	7
2.2. Magni S.....	7
2.3. Græðir 9.....	8
2.4. Fjölmóði 3	8
2.5. Fjölgræðir 9b.....	8
2.6. Fjölmóði 2	9
2.7. Fjölgræðir 6.....	9
2.8. Græðir 8.....	9
2.9. Fjölgræðir 7	10
2.10. Fjölgræðir 5.....	10
2.11. Græðir 1	10
IV. Skeljungur hf.	12
1. Skráður áburður hjá Skeljungu.....	12
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	12
2.1. Sprettur 27%N	13
2.2. Sprettur 26%N+9%SO ₃	13
2.3. Sprettur 25-5	14
2.4. Sprettur 26-13.....	15
2.5. Sprettur 23-12.....	15
2.6. Sprettur 22-7-6.....	16
2.7. Sprettur 20-12-8.....	17
2.8. Sprettur 20-12-8+Se	17
2.9. Sprettur 20-10-10.....	18
2.10. Sprettur 20-5-13+Avail.....	19
2.11. Sprettur 16-15-12.....	20
2.12. Sprettur 16-13-16+Avail.....	21
2.13. Sprettur 12-10-21+Avail.....	21
V. Sláturfélag Suðurlands sf.	25
1. Skráður áburður hjá Sláturfélagi Suðurlands.	25
2. Niðurstöður áburðareftirlits.....	25
2.1. Opti Kas 27-0-0.....	26
2.2. Opti NS	27
2.3. Kalksaltpétur	28
2.4. NP 26-6.....	28
2.5. NPK 25-2-6	29

2.6. NPK 24-4-7	30
2.7. Fullgjödsel 21-3-8+Se.....	30
2.8. NPK 19-4-12	31
2.9. NPK 12-4-18	32
2.10. Opti P 0-20-0	33
VI. Innfluttur áburður á árinu	35
1. ASIS	35
2. Bananar ehf.	35
3. Bergdal ehf.	35
4. Blómaval.....	36
5. Bu.is	36
6. Búvís ehf.	36
7. Dýraríkið ehf.	36
8. Fóðurblandan hf.	37
9. Frjó Quatro ehf.	37
10. Frjóangi ehf	38
11. Grastec ehf.....	38
12. Gróðurlausnir ehf.	39
13. Gróðurvörur ehf	40
14. Grænn Markaður ehf.	40
15. Innigarðar ehf.	41
16. Kaupfélag Skagfirðinga	42
17. Landstólpi ehf.	42
18. Lífland.....	42
19. MHG ehf.	42
20. Nathan & Olsen hf.	43
21. NPK ehf	43
22. Novum ehf.	44
23. Samasem ehf.	44
24. Skeljungur hf.	44
25. Sláturfélag Suðurlands svf.	45
26. Umhverfissvörur	45
27. Vaxtarræktin ehf.	46
VII. Innlend áburðarframleiðsla	47
1. Innlend áburðarframleiðsla.....	47
1.1. Förgun ehf.....	47
1.2. Guðjón D Gunnarsson	47
1.3. Haustak hf.....	47
1.4. Íslenska Gámafélagið Gufunesi.....	47
1.5. Íslenska Kalkþörungafélagið ehf.....	47
1.6. Molta ehf.	47
1.7. NorðurBragð	47
1.8. Skinney – Þinganes	47
1.9. Sorpa Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins	48
1.10. Spretta ehf.	48
1.11. Ylfur ehf.....	48
1.12. Þórduna ehf.	48
1.13. Þörungaverksmiðjan	48
VIII. Athugasemdir frá fyrirtækjum	49

I. Framkvæmd áburðareftirlits

1. Inngangur

Um áburð og eftirlit með ólífrænum áburði gilda lög nr. 22/1994 um eftirlit með áburði, sáðvöru og fódri og reglugerð 630/2007 um ólífrænan áburð, sem innleiðir reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2003/2003 um áburð og gildir því um merktan EB-áburð og reglugerð nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni sem gildir um áburð sem ekki er merktur EB-áburður. Um birtingu niðurstaðna áburðareftirlits gildir reglugerð 291/2010 um birtingu niðurstaðna eftirlits með áburði. Samkvæmt henni ber Matvælastofnun að birta á heimasíðu sinni niðurstöður áburðareftirlits fyrir lok viðkomandi árs. Hverju fyrirtæki verður gefinn kostur á að andmæla niðurstöðum stofnunarinnar og verða andmælin birt í viðauka við eftirlitsskýrsluna. Því verða niðurstöður eftirlits þessa árs birtar á heimasíðu Matvælastofnunar.

2. Áburðareftirlit

Allan áburð sem settur er á markað héraðs ber að skrá hjá Matvælastofnun. Það á bæði við um áburð sem er fluttur inn og þann sem er framleiddur héraðs, hvort sem áburðurinn er ólífrænn eða lífrænn. Undantekning frá þessari reglu er húsdýraáburður sem notaður er innan býlis. Innflytjendur og framleiðendur áburðar verða því að láta skrá þær tegundir áburðar sem ætlunin er að setja á markað.

3. Sýnataka

Sýni af ólífræna áburðinum eru tekin með þar til gerðu sýnatökuspjóti. Úr fjölkorna áburði voru tekin hlutasýni úr 40 sekkjum (40/1), en úr einkorna áburði voru tekin hlutasýni úr 8 sekkjum (8/1), þar sem hver spjótstunga er talin eitt hlutasýni. Sýnatökusekkir voru valdir af handahófi á hverjum sýnatökustað. Þannig mynduðu hlutasýnin safnsýni, sem var smækkað og að lokum skipt í 4 lokasýni, 500 - 1000 g hvert. Við smækkun og skiptingu sýnanna var notaður sýnadeilur, sem bæði blandar og skiptir sýnunum. Til að tryggja sem besta blöndun eru sýnin blönduð tvisvar með sýnadeilinum. Matvælastofnun sendi svo fljótt sem verða mátti eitt lokasýni í efnagreiningu hjá LUFÁ í Þýskalandi, eitt lokasýni fékk fyrirtækið, en tvö lokasýni eru í vörslu Matvælastofnunar til frekari efnagreininga ef þurfa þykir.

Til viðbótar sýnatöku er litið á áferð áburðarins t.d. hvort hann er kekkjóttur og mun á litbrigðum auk þess sem merkingar áburðarins eru skoðaðar og gerðar athugasemdir eftir því sem við á.

4. Leyfð vikmörk

Reglur um leyfð vikmörk næringarefna í áburði eru í 5. viðauka reglugerðar 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni og II viðauka EB-reglugerðar nr. 2003/2003 um áburð sem var innleidd með reglugerð 630/2007 um ólífrænan áburð. Leyfð vikmörk skilgreina hve mikið mælt innihald næringarefna í áburði má víkja frá skráðu innihaldi þeirra. Við setningu vikmarkanna var tekið tillit til skekkju vegna sýnatöku og mælingaaðferða. Ekki er sett hámark á innihald einstakra næringarefna í áburðinum, en vikmörkin eru því neikvæð gildi, þ.e. hve mikið mælt innihald næringarefna má vera lægra en skráð gildi. Aftast í töflunum um efnagreiningar á hverri áburðartegund eru leyfð vikmörk gefin upp fyrir hvert næringarefni, eða fyrir áburðartegundina.

II. Búvís ehf.

1. Skráður áburður hjá Búvís ehf.

Búvís ehf. hefur 14 áburðartegundir skráðar hjá Matvælastofnun. Árið 2010 voru 3 áburðartegundir nýskráðar eða endurskráðar hjá Matvælastofnun.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Á þessu ári voru sýni tekin af 6 áburðartegundum sem Búvís ehf flytur inn.

Efnagreiningar á áburðarsýnunum leiddu í ljós að köfnunarefni (N) í Krafti 34 reyndist vera undir leyfðum vikmörkum eða -0,80, en samkvæmt ákvæðum í 5. viðauka reglugerðar 398/1995 má frávik ekki vera meira en -0,60.

Í Krafti EU+S mældist gildi fyrir brennistein (S) vera undir leyfðum vikmörkum eða -0,70, en má mest vera -0,36.

Summa neikvæðra frávíka í Velli 21+S var undir leyfðum vikmörkum eða -2,84, en má mest vera -1,20. Í þessum áburði mældist gildi fyrir brennistein (S) mun hærra en skráða gildið.

Efnamælingar á öðrum áburðartegundum gáfu ekki frávik yfir leyfðum vikmörkum. Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum.

Í ljósi niðurstaðna á efnagreiningum áburðarins eru eftirtaldar áburðartegundir teknar af skrá Matvælastofnunar og er dreifing þeirra ekki leyfð til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu, sem sýni að áburðurinn stenst kröfur um efnainnihald:

Kraftur 34

Kraftur EU+S

Völlur 21+S

Merkingar áburðartegundanna voru ýmist áprentaðar á áburðarsekkina eða á miðum áfestum við op áburðarsekkjanna og er ekki gerð athugasemd við þær. Engin áburðartegund var merkt sem EB-áburður.

Hér verður fjallað um niðurstöður fyrir hverja áburðartegund:

2.1. Kraftur 34

Sýni var tekið 19. apríl 2011 á Akureyri úr 8 sekkjum. Áburðurinn er eingildur köfnunarefnisáburður ekki merktur EB-áburður

Tafla 1. Niðurstöður efnagreininga af Krafti 34

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	34,4	33,60	-0,80	-0,60

Innihald köfnunarefnis (N) í áburðinum er undir leyfðum vikmörkum.

Merkingar áburðarins eru á miðum festum við op sekkjanna og er ekki gerð athugasemd við merkingar áburðarins.

2.2. Kraftur EU+S

Sýni var tekið 19. apríl 2011 á Akureyri úr 8 sekkjum. Áburðurinn er eingildur köfnunarefnisáburður með brennistein og ekki merktur EB-áburður

Tafla 2. Niðurstöður efnagreininga af Krafti EU+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,40	-0,60	-0,80
Kalsíum (Ca)	5,40	6,60	1,20	-0,64
Brennisteinn (S)	4,50	3,80	-0,70	-0,36

Brennisteinn (S) mældist undir leyfðum vikmörkum.

Merkingar áburðarins eru prentaðar á sekkina og er ekki gerð athugasemd við þær.

2.3. Völlur 26+S

Sýni var tekið 19. apríl 2011 á Akureyri úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna þriggildur áburður og ekki merktur EB-áburður

Tafla 3. Niðurstöður efnagreininga af Velli 26+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,40	25,50	-0,90	
Fosfór (P)	2,60	2,80	0,20	
Kalí (K)	5,00	5,90	0,90	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			-0,90	-1,20

Innihald næringarefna er innan leyfðra vikmarka og er ekki gerð athugasemd við það. Kadmím (Cd) var ekki mælt í áburðinum.

Merkingar áburðarins voru bæði áprentaðar á sekkina og á miðum festum við op sekkjanna og eru ekki gerðar athugasemdir við þær.

2.4. Völlur 21+S

Sýni var tekið 19. apríl 2011 á Akureyri úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna þrígildur áburður og ekki merktur EB-áburður

Tafla 4. Niðurstöður efnagreininga af Velli 21+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	21,22	21,00	-0,22	
Fosfór (P)	2,99	2,20	-0,79	
Kalí (K)	10,05	9,40	-0,65	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			-2,84	-1,2
Brennisteinn (S)	3,46	8,30	4,84	-0,36

Kadmíum (Cd) í sýninu var ekki mælanlegt. Mælingar á köfnunarefni (N), fosfór (P) og kalí (K) gáfu þá niðurstöðu að summa neikvæðra frávíka var fyrir neðan leyfð vikmörk, en mælt gildi fyrir brennistein (S) reyndist mun hærra en skráð gildi.

Merkingar áburðarins eru prentaðar á sekkina og er ekki gerðar athugasemdir við þær.

2.5. Völlur 20+S

Sýni var tekið 19. apríl 2011 á Akureyri úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna þrígildur áburður og ekki merktur EB-áburður

Tafla 5. Neiðurstöður efnagreininga af Velli 20+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,10	20,00	-0,10	
Fosfór (P)	4,40	4,20	-0,20	
Kalí (K)	8,30	9,00	0,70	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			-0,57	-1,2
Brennisteinn (S)	4,80	6,90	2,10	-0,36

Kadmíum (Cd) í sýninu var ekki mælanlegt. Mælingar á næringarefnunum sýndu að þau voru yfir leyfðum vikmörkum og er ekki gerð athugasemd við efnainnihald hans.

Merkingar áburðarins eru prentaðar á sekkina og er ekki gerðar athugasemdir við þær.

2.6. Völlur 16+S

Sýni var tekið 19. apríl 2011 á Akureyri úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna þrígildur áburður og ekki merktur EB-áburður.

Tafla 6. Niðurstöður efnagreininga af Velli 16+S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	16,40	17,20	0,80	
Fosfór (P)	6,40	6,80	0,40	
Kalí (K)	12,20	13,00	0,80	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			0,00	-1,2

Kadmíum (Cd) í sýninu var ekki mælanlegt. Mælingar á næringarefnunum sýndu að þau voru yfir leyfðum vikmörkum og er ekki gerð athugasemd við efnainnihald hans.

Merkingar áburðarins eru prentaðar á sekkina og er ekki gerðar athugasemdir við þær.

III. Fóðurblandan

1. Skráður áburður hjá Fóðurböndunni.

Fóðurblandan hefur 35 áburðartegundir skráðar hjá Matvælastofnun. Auk þeirra eru á skrá 2 tegundir köfnunarefnisbindandi baktería fyrir ertur og smára. Árið 2011 voru 1 áburðartegund nýskráð hjá Matvælastofnun.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Á þessu ári voru sýni tekin af 11 áburðartegundum sem Fóðurblandan flytur inn. Ekki eru gerðar athugasemdir við næringarefnainnihald í þessum áburðartegundum. Kadmíum (Cd) mældist ekki nema í Græði 1, en þar var það undir leyfðu hámarki. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins nema Græði 1.

Hér verður fjallað um niðurstöður fyrir hverja áburðartegund:

2.1. Magni 1

Sýni var tekið 29. Mars 2011 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna köfnunarefnisáburður og er ekki merktur EB-áburður.

Tafla 7. Niðurstöður efnagreininga af Magna 1

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,40	-0,60	-0,80
Kalsíum (Ca)	8,00	10,10	2010	-0,64

Ekki eru gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Merkingar voru á miðum sem festir voru við op sekkjanna og er ekki gerð athugasemd við þær.

2.2. Magni S

Sýni var tekið 7. apríl 2011 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna köfnunarefnisáburður með brennisteini (S) og er ekki merktur EB-áburður.

Tafla 8. Niðurstöður efnagreininga af Magna S

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikiörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,90	-0,10	-0,40
Kalsíum (Ca)	4,20	7,20	3,00	-0,64
Brennisteinn (S)	4,00	4,80	0,80	0,36

Ekkert næringarefnanna mældist undir leyfðum vikiörkum. Merkingar voru á miðum sem festir voru við op sekkjanna og er ekki gerð athugasemd við þær.

2.3. Græðir 9

Sýni var tekið 29. mars 2011 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna og ekki merktur EB-áburður.

Tafla 9. Niðurstöður efnagreininga af Græði 9

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,40	-0,60	
Fosfór (P)	2,60	2,80	0,20	
Kalíum (K)	5,00	5,20	0,20	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			-0,60	-1,20

Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum. Summa neikvæðra frávíka er yfir vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Merkingar voru prentaðar á sekkina og er ekki gerð athugasemd við þær.

2.4. Fjölmóði 3

Sýni var tekið 29. mars 2011 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna og merktur EB-áburður.

Tafla 10. Niðurstöður efnagreininga af Fjölmóða 3

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	24,60	-0,40	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,90	0,70	-0,48
Kalsíum (Ca)	5,40	7,60	2,20	-0,64

Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.5. Fjölgræðir 9b

Sýni var tekið 29. mars 2011 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna og merktur EB-áburður.

Tafla 11. Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 9b

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	24,80	-0,20	-1,10
Fosfór (P)	3,90	3,60	-0,30	-0,48
Kalíum (K)	6,60	6,40	-0,20	-0,91

Kadmíum (Cd) mældist ekki í sýninu. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.6. Fjölmóði 2

Sýni var tekið 29. mars 2011 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna og merktur EB-áburður

Tafla 12. Niðurstöður efnagreininga af Fjölmóða 2

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	23,00	23,00	0,00	-1,10
Fosfór (P)	5,20	5,70	0,50	-0,48
Kalsíum (Ca)	4,60	6,50	1,90	-0,64

Kadmíum (Cd) mældist ekki í sýninu. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.7. Fjölgræði 6

Sýni var tekið 29. mars 2011 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna og merktur EB-áburður.

Tafla 13. Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,00	0,00	-1,10
Fosfór (P)	4,80	5,10	0,30	-0,48
Kalíum (K)	9,20	8,80	-0,40	-0,91

Kadmíum (Cd) mældist ekki í sýninu. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.8. Græði 8

Sýni var tekið 7. apríl 2011 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna og ekki merktur EB-áburður.

Tafla 14. Niðurstöður efnagreininga af Græði 8

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,40	0,40	
Fosfór (P)	3,10	3,40	0,30	
Kalíum (K)	10,00	9,50	-0,50	
Summa neikvæðra frávíka (N+P/0,43+K/0,83)			-0,60	-1,20

Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum. Summa neikvæðra frávíka er yfir vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.9. Fjölgræðir 7

Sýni var tekið 19. apríl 2011 á Akureyri úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna og merktur EB-áburður.

Tafla 15. Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 7

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	21,10	-0,90	-1,10
Fosfór (P)	6,30	6,40	0,10	-0,48
Kalíum (K)	7,50	8,20	0,70	-0,91

Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.10. Fjölgræðir 5

Sýni var tekið 29. mars 2011 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er fjölkorna og merktur EB-áburður.

Tafla 16. Niðurstöður efnagreininga af Fjölgræði 5

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	17,00	17,50	0,50	-1,10
Fosfór (P)	6,60	7,10	0,50	-0,48
Kalíum (K)	10,00	9,90	-0,10	-0,91

Kadmíum (Cd) mældist ekki í áburðinum. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald hans. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.11. Græðir 1

Sýni var tekið 11. apríl 2010 í Korngörðum úr 8 sekkjum. Áburðurinn er einkorna og merktur EB-áburður.

Tafla 17. Niðurstöður efnagreininga af Græði 1

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	12,00	11,80	-0,20	-1,10
Fosfór (P)	5,00	4,75	-0,25	-0,48
Kalíum (K)	14,10	16,50	2,40	-0,91
Brennisteinn (S)	8,00	10,90	2,90	-0,36

Kadmíum (Cd) mældist 15 mg/kg P í áburðinum, það má mest vera 50 mg/kg P. Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum. Merkingar voru á miðum í plastvösum við op sekkjanna. Merkingarnar gátu máðst af merkimiðunum og þurfa því að vera úr vatnspólnara efni, sjá mynd.



Mynd 1. Myndir af merkingum á Græði 1 teknar með mánaðar millibili og sýna hvernig merkingar mást út af merkimiðanum.

IV. Skeljungur hf.

1. Skráður áburður hjá Skeljungu.

Skeljungur hefur 39 áburðartegundir skráðar hjá Matvælastofnunar. Árið 2011 voru 3 áburðartegundir nýskráðar hjá Matvælastofnun.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Á þessu ári voru sýni tekin af 13 áburðartegundum sem Skeljungur flytur inn. Auk þess voru merkingar nokkurra áburðartegunda til viðbótar teknar til skoðunar. Efnagreiningar á áburðinum leiddu í ljós að samræmi er yfirleitt á milli skráðra gilda næringarefna og mældra. Í áburðartegundinni Sprettur 20-10-10 mældist fosfór (P) fyrir neðan leyfð vikmörk. Fyrirtækið sendi systursýni til efnagreininga hjá efnagreiningastofnunni nrm í Bretlandi. Niðurstaða þeirrar efnagreiningar var að ekkert næringarefni var undir leyfðum vikmörkum og verður því ekki gerð athugasemd við næringarefnainnihald þessa áburðar. Kadmíum (Cd) var verulega yfir leyfðum mörkum í öllum áburðartegundum sem innihalda fosfór (P), en leyft hámark er skv. reglugerð 230/2007 um ólífrænan áburð 50 mg Cd/ kg P. Framleiðslufyrirtækið „Carrs Fertilisers“ hefur staðfest með bréfi dags. 9. júní 2011 og á fundi 6. júlí 2011, að allur fosfór sem notaður var í áburðarblöndur þessa árs hafi verið með þessum galla. Á undanförunum árum hefur kadmíum í áburði frá þessum framleiðanda verið vart mælanlegt.

Gerðar eru athugasemdir við merkingar á nokkrum áburðartegundum, þar sem upplýsingar á merkimiðunum voru ófullnægjandi, villandi og afmáanlegar. Merkimiðarnir voru álímdir og gátu því fallið af sekkjunum. Fyrirtækinu er gert skylt að merkja áburðinn í samræmi við reglugerð 230/2007 og EB reglugerð 2003/2003 um áburð fyrir næsta innflutning.

Í ljósi niðurstaðna efnagreininga og nánari upplýsinga frá framleiðslufyrirtækinu Carrs Fertilisers um, of mikið magn kadmíums í öllum fosfór sem fyrirtækið notaði í áburðarblöndur sínar á þessu ári, eru eftirtaldar áburðartegundir teknar af skrá Matvælastofnunar.

Dreifing þessara áburðartegunda verður ekki heimiluð fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu áburðarins og niðurstöður þeirra greininga sýni að áburðurinn stenst reglur um kadmíuminnihald.. Einnig þarf áburðurinn að standast kröfur um merkingar.

Eftirfarandi eru niðurstöður áburðareftirlits.

2.1. Sprettur 27%N

Sýni var tekið 11. Maí í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er eingildur köfnunarefnisáburður og merktur EB-áburður

Tafla 18 Niðurstöður efnagreininga af Sprettu 27%N

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	26,70	-0,30	-0,40
Kalsíum (Ca)	4,30	4,90	0,60	-0,64
Magnesíum (Mg)	2,40	2,60	0,20	-0,55

Ekkert næringarefnanna mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar.

2.2. Sprettur 26%N+9%SO₃

Sýni var tekið 28. apríl á Sauðárkróki úr 26 sekkjum. Áburðurinn er köfnunarefnisáburður með brennisteini og merktur EB-áburður

Niðurstöður efnagreininga

Tafla 19. Niðurstöður efnagreininga af Spretti 26%N+9%SO₃

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	25,50	-0,50	-0,80
Kalsíum (Ca)	5,40	5,00	-0,40	-0,64
Brennisteinn (S)	3,60	4,90	1,30	-0,36

Ekkert næringarefnanna mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Í merkingu á áburðarsekkjunum er víxlað magni SO₃ og S, og getur það gefið ranga mynd af brennisteinsinnihaldi áburðarins, sjá mynd. Fyrirtækinu ber að leiðrétta þennan galla fyrir næsta innflutning.



Mynd 2. Merkingargalli á Spretti 26%N+9%SO₃, hlutfalli hreins brennisteins (S) og brennisteinspríoíðs (SO₃) er víxlað í vörulýsingu.

2.3. Sprettur 25-5

Sýni var tekið 4. apríl 2011 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er tvígildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður.

Tafla 20. Niðurstöður efnagreininga af Spretti 25-5

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	25,00	25,80	0,80	-1,10
Fosfór (P)	2,20	2,20	0,00	-0,48
Kalsíum (Ca)	3,50	4,10	0,60	-0,64
Magnesium (Mg)	1,90	2,30	0,40	-0,55

Kadmíum (Cd) mældist 2,8 mg/kg í áburðinum sem gaf 127 mg Cd/ kg P, sem er hærra en leyft er. Ekkert næringarefnanna mældist undir leyfðum vikmörkum. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins. Vegna hins háa kadmíuminnihalds verður ekki leyft að dreifa þessari áburðartegund til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu sem sýnir að kadmíuminnihald áburðarins sé innan leyfðra marka.

2.4. Sprettur 26-13

Sýni var tekið 11. maí 2011 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er tvígildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður.

Tafla 21 Niðurstöður efnagreininga af Spretti 26-13

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	26,00	25,5	-0,50	-1,10
Fosfór (P)	5,70	5,60	-0,10	-0,48
Brennisteinn (S)	2,50	3,40	0,90	-0,34

Kadmíum (Cd) mældist 8,90 mg/kg í áburðinum, sem gaf 159 mg Cd / kg P, sem er ríflega þefalt hærra en leyfilegt er. Ekkert næringarefnanna mældist undir leyfðum vikmörkum. Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar eða áferð áburðarins.

Vegna hins háa kadmíuminnihalds verður ekki leyft að dreifa þessari áburðartegund til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu sem sýnir að kadmíuminnihald áburðarins sé innan leyfðra marka.

2.5. Sprettur 23-12

Sýni var tekið 11. maí 2011 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er tvígildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður

Tafla 22. Niðurstöður efnagreininga af Spretti 23-12

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	23,00	23,70	0,70	-1,10
Fosfór (P)	5,20	5,30	0,10	-0,48

Kadmíum (Cd) mældist 8,20 mg/kg í áburðinum, sem gaf 155 mg Cd / kg P, sem er ríflega þefalt hærra en leyfilegt er. Hvorugt næringarefnanna mældist undir leyfðum vikmörkum.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar eða áferð áburðarins.

Vegna hins háa kadmíuminnihalds verður ekki leyft að dreifa þessari áburðartegund til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu sem sýnir að kadmíuminnihald áburðarins sé innan leyfðra marka.

2.6. Sprettur 22-7-6

Sýni var tekið 4. apríl 2011 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er þriggildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður

Tafla 23. Niðurstöður efnagreininga af Spretti 22-7-6

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	22,00	22,80	0,80	-1,10
Fosfór (P)	3,10	3,10	0,00	-0,48
Kalí (K)	5,00	5,30	0,30	-0,91
Kalsíum (Ca)	2,90	3,50	0,60	-0,64
Brennisteinn (S)	2,60	3,20	0,60	-0,36
Magnesíum (Mg)	1,60	1,80	0,20	-0,55

Kadmíum (Cd) mældist 3,50 mg/kg í áburðinum, sem gaf 113 mg Cd / kg P, sem er ríflega tvöfalt hærra en leyfilegt er.

Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Vegna hins háa kadmíuminnihalds verður ekki leyft að dreifa þessari áburðartegund til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu sem sýnir að kadmíuminnihald áburðarins sé innan leyfðra marka.

Allar merkingar vantaði á áburðinn og er fyrirtækinu gert að lagfæra það fyrir næsta innflutning, sjá mynd.



Mynd 3. Allar merkingar og vörulýsingar vanta á áburðarsekkina, á suma er einungis skrifað með tússpenna 22-7-6.

2.7. Sprettur 20-12-8

Sýni var tekið 28. apríl 2011 á Sauðárkróki úr 40 sekkjum. Áburðurinn er þrígildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður

Tafla 24. Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-12-8

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	19,70	-0,30	-1,10
Fosfór (P)	5,20	5,20	0,00	-0,48
Kalí (K)	6,60	6,60	0,00	-0,91
Brennisteinn (S)	2,50	3,30	0,80	-0,36

Kadmíum (Cd) mældist 6,10 mg/kg í áburðinum, sem gaf 117 mg Cd / kg P, sem er ríflega tvöfalt hærra en leyfilegt er.

Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Vegna hins háa kadmíuminnihalds verður ekki leyft að dreifa þessari áburðartegund til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu sem sýnir að kadmíuminnihald áburðarins sé innan leyfðra marka.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.8. Sprettur 20-12-8+Se

Sýni var tekið 4. apríl 2011 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er þrígildur fjölkorna selenbættur áburður.

Tafla 25. Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-12-8+Se

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	19,80	-0,20	-1,10
Fosfór (P)	5,20	5,10	-0,10	-0,48
Kalí (K)	6,60	6,90	0,30	-0,91
Brennisteinn (S)	2,50	2,40	-0,10	-0,36

Kadmíum (Cd) mældist 5,5 mg/kg í áburðinum, sem gaf 108 mg Cd / kg P, sem er ríflega tvöfalt hærra en leyfilegt er.

Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum.

Vegna hins háa kadmíuminnihalds verður ekki leyft að dreifa þessari áburðartegund til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu sem sýnir að kadmíuminnihald áburðarins sé innan leyfðra marka.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.9. Sprettur 20-10-10

Sýni var tekið 28. apríl 2011 á Sauðárkróki úr 40 sekkjum. Áburðurinn er þriggildur fjölkorna áburður.

Tafla 26. Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-10-10

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	19,30	-0,70	-1,10
Fosfór (P)	4,40	3,90	-0,50	-0,48
Kalí (K)	8,30	9,70	1,40	-0,91
Brennisteinn (S)	2,50	3,50	1,00	-0,36

Kadmíum (Cd) mældist 4,4 mg/kg í áburðinum, sem gaf 113 mg Cd / kg P, sem er ríflega tvöfalt hærra en leyfilegt er.

Fosfór (P) mældist undir leyfðum vikmörkum, en önnur næringarefni ekki. Þar sem mælingar á systursýni sem fyrirtækið lét gera hjá efnagreingisstofunni nrm í Bretlandi sýndu að öll næringarefni voru yfir leyfðum vikmörkum er ekki gerð athugasemd við næringarefnainnihald áburðarins, sjá töflu hér að neðan.

Vegna hins háa kadmíuminnihalds verður ekki leyft að dreifa þessari áburðartegund til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu sem sýnir að kadmíuminnihald áburðarins sé innan leyfðra marka.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

Tafla 27. Niðurstöður efnagreininga á Spretti 20-10-10 frá nrm í Bretlandi

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	20,31	0,31	-1,10
Fosfór (P)	4,40	4,83	0,43	-0,48
Kalí (K)	8,30	8,41	0,11	-0,91
Brennisteinn (S)	2,50	3,27	0,77	-0,36

Kadmíum mældist 97 mgCd / kg P.

2.10. Sprettur 20-5-13+Avail

Sýni var tekið 4. apríl 2011 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er þriggildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður.

Tafla 28. Niðurstöður efnagreininga af Spretti 20-5-13+Avail

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	20,00	20,20	0,20	-1,10
Fosfór (P)	2,20	1,83	-0,37	-0,48
Kalí (K)	10,80	10,50	-0,30	-0,91
Kalsíum (Ca)	3,70	3,30	-0,40	-0,64

Kadmíum (Cd) mældist 2,2 mg/kg í áburðinum, sem gaf 120 mg Cd / kg P, sem er ríflega tvöfalt hærra en leyfilegt er.

Ekkert af næringarefnum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Vegna hins háa kadmíuminnihalds verður ekki leyft að dreifa þessari áburðartegund til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu sem sýnir að kadmíuminnihald áburðarins sé innan leyfðra marka.

Á merkingu áburðarins stóð 20-22-10,8 sem vísar til mun hærra fosfórinnihalds en er í áburðinum sjá mynd.



Mynd 4. Villa í merkingu, gefur til kynna að fosfór sé 22% í áburðinum en ekki 2,2%.

2.11. Sprettur 16-15-12

Sýni var tekið 4. apríl 2011 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er þriggildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður

Tafla 29. Niðurstöður efnagreininga af Spretti 16-15-12

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	16,00	16,40	0,40	-1,10
Fosfór (P)	6,50	6,60	0,10	-0,48
Kalí (K)	10,00	10,00	0,00	-0,91
Brennisteinn (S)	2,50	2,80	0,30	-0,36

Kadmíum (Cd) mældist 6,99 mg/kg í áburðinum, sem gaf 106 mg Cd / kg P, sem er ríflega tvöfalt hærra en leyfilegt er.

Ekkert af næringarefnum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við næringarefnainnihald áburðarins.

Vegna hins háa kadmíuminnihalds verður ekki leyft að dreifa þessari áburðartegund til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu sem sýnir að kadmíuminnihald áburðarins sé innan leyfðra marka.

EKKI eru gerðar athugasemdir við merkingu áburðarins í Þorlákshöfn, en í eftirliti á Sauðárkróki var áburðurinn vanmerktur, sjá meðfylgjandi myndir.



Mynd 5. Rétt merktur áburður til vinstri en vanmerktur áburður til hægri.

2.12. Sprettur 16-13-16+Avail

Sýni var tekið 28. apríl 2011 á Sauðárkróki úr 32 sekkjum. Áburðurinn er þrígildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður

Tafla 30. Niðurstöður efnagreininga af Spretti 16-13-16+Avail

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	16,00	15,60	-0,40	-1,10
Fosfór (P)	5,70	5,40	-0,30	-0,48
Kalí (K)	13,30	15,20	1,90	-0,91

Kadmíum (Cd) mældist 6,40 mg/kg í áburðinum, sem gaf 118 mg Cd / kg P, sem er ríflega tvöfalt hærra en leyfilegt er.

Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við næringarefnainnihald áburðarins.

Vegna hins háa kadmíuminnihalds verður ekki leyft að dreifa þessari áburðartegund til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu sem sýnir að kadmíuminnihald áburðarins sé innan leyfðra marka.

Ekki eru gerðar athugasemdir við merkingar áburðarins.

2.13. Sprettur 12-10-21+Avail

Sýni var tekið 4. apríl 2011 í Þorlákshöfn úr 40 sekkjum. Áburðurinn er þrígildur fjölkorna áburður og merktur EB-áburður

Tafla 31. Niðurstöður efnagreininga af Spretti 12-10-21+Avail

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	12,00	11,90	-0,10	-1,10
Fosfór (P)	4,40	4,70	0,30	-0,48
Kalí (K)	17,4	17,10	-0,30	-0,91
Brennisteinn (S)	8,00	8,10	0,10	-0,36

Kadmíum (Cd) mældist 4,79 mg/kg í áburðinum, sem gaf 102 mg Cd / kg P, sem er tvöfalt hærra en leyfilegt er.

Ekkert af næringarefnunum mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við næringarefnainnihald áburðarins.

Vegna hins háa kadmíuminnihalds verður ekki leyft að dreifa þessari áburðartegund til notenda fyrr en að lokinni sýnatöku og efnagreiningu sem sýnir að kadmíuminnihald áburðarins sé innan leyfðra marka.

Merkingar eru ófullnægjandi, en einungis er skrifað með tússpenna 12-10-21 á sekkina, sjá mynd.



Mynd 6. Ófullnægjandi merking á Spretti 12-10-21, vöru lýsingu á áburðinum vantar.




Mynd 7. Merkingargalli á Sprettur 25-5 + Se, í vörulýsingu kemur hlutfall Se ekki fram.



Mynd 8. Vanmerktur áburður á vörubílspalli, vantar vörulýsingu og heiti áburðar



28/04/2011



28/04/2011

Mynd 9. Vanmerktur áburður. Athygli vekur að á merkimiða stendur 12-4-17, sem vísar til hreinna efna í áburðinum en ofar er skrifað með tússpenna 12 10 21 sem vísar til sýrlinga.

Mynd 10. Vanmerktur sekkur. Á merkimiða er merkingin 12-18-15 sem vísar til sýrlinga og er það í ósamræmi við merkingu á sekknum til hliðar.

V. Sláturfélag Suðurlands sf.

1. Skráður áburður hjá Sláturfélagi Suðurlands.

Sláturfélag Suðurlands hefur 44 áburðartegundir skráðar hjá Matvælastofnunar. Árið 2011 voru 10 áburðartegundir nýskráðar eða endurskráðar hjá Matvælastofnun.

2. Niðurstöður áburðareftirlits

Á þessu ári voru sýni tekin af 11 áburðartegundum sem Sláturfélag Suðurlands flytur inn.

Efnagreiningar á áburðinum leiddu í ljós að köfnunarefni (N) í kalksaltpétri reyndist vera undir leyfðum vikmörkum eða -1,5%, en samkvæmt ákvæðum í 5. viðauka reglugerðar 398/1995 má það ekki víkja meira frá skráðu gildi en - 0,4% af þunga. Aftur á móti var kalsíuminnihald áburðarins hátt eða 3,5% yfir skráðu gildi. Fyrirtækið lét efnagreina systursýni af áburðinum og greindist köfnunarefnið í því yfir leyfðum vikmörkum.

Einnig var summa neikvæðra frávíka í NP 26-6 -1,10% en má mest vera -0,80%. Í þessum áburði var mældist köfnunarefni (N) -1,10% undir skráðu gildi. Fyrirtækið lét efnagreina systursýni af áburðinum og reyndist næringarefninnihald í því vera yfir leyfðum vikmörkum.

Áburðartegundirnar NPK 12-4-18 og NPK 19-4-7 mældust með hærra kadmíum (Cd) en leyfilegt er, en það má mest vera 50 mg/kg fosfórs (P), sbr. 9. gr. reglugerðar 298/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni.

Sláturfélag Suðurlands tilkynnti einnig samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda að mistök hefðu orðið við framleiðslu áburðartegundanna Fullgjödsel 25-2-6 og NPK 22-3-10, þannig að þessar áburðartegundir innihéldu of mikið af kadmíum (Cd). Var áburðurinn endursendur til framleiðanda sem sendi til baka sömu áburðartegundir með kadmíum undir leyfðum mörkum.

Merkingar áburðartegundanna Opti Kas, Opti NS, Fullgjödsel 25-2-6 og Fullgjödsel 21-3-8+Se eru á norsku. Einnig vantaði vörulýsingu á áburðartegundina Opti P 0-20-0. Fyrirtækið er minnt á fjórðu málsgrein 13. gr. reglugerðar nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni.

Einnig voru merkingar áburðartegundanna í sumum tilfellum máðar og illlæsilegar það á sérstaklega við um áburðartegundina Fullgjödsel 25-2-6. Fyrirtækið er minnt á fyrstu og aðra málsgrein 13. gr. reglugerðar nr. 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni.

Matvælastofnun hefur ítrekað gert athugasemdir við fyrirtækið vegna þessara erlendu merkinga án þess að það hafi brugðist við og merkt áburðinn samkvæmt gildandi reglugerðarákvæðum. Því er gerð sú krafa að fyrirtækið bæti úr þessum merkingargöllum fyrir næsta innflutning.

Í ljósi þessara niðurstaðna eru eftirfarandi áburðartegundir teknar af skrá Matvælastofnunar og verður dreifing þeirra ekki leyfð fyrr en þær uppfylla kröfur um efninnihald og merkingar.

NPK 12-4-18 vegna of mikils kadmíuminnihalds (Cd)

NPK 19-4-7 vegna of mikils kadmíuminnihalds (Cd)

Hér verður fjallað um niðurstöður fyrir hverja áburðartegund:

2.1. Opti Kas 27-0-0

Sýni var tekið 15. apríl 2011 í Þorlákshöfn úr 8 sekkjum. Áburðurinn er eingildur köfnunarefnisáburður og ekki merktur EB-áburður

Tafla 32. Niðurstöður efnagreininga af Opti Kas 27-0-0

Næringarefni	Skráð gildi %	Mæld gildi %	Mismunur	Leyfð vikmörk
Köfnunarefni (N)	27,00	27,00	0,00	-0,80
Kalsíum (Ca)	6,00	5,50	0,50	-0,64
Magnesíum (Mg)	2,40	3,10	0,70	-0,55

Ekkert næringarefni mældist undir leyfðum vikmörkum og er því ekki gerðar athugasemdir við efnainnihald áburðarins.

Merkingar áburðarins eru á norsku, sjá mynd. Gerð er sú krafa að áburðurinn verði merktur samkvæmt reglum sbr. IV. kafla reglugerðar 398/1995 um áburð og jarðvegsbætandi efni.



Mynd 11. Merkingar á norsku á Opti-Kas 27-0-0

2.2. Opti NS


